

Minnast vísindaleiðangurs til Íslands fyrir 250 árum:

Gíslína í hópi tíu Íslendinga á sýningunni

Sýningin Solander 250: Bréf frá Íslandi og Paradise Lost – Daniel Solander's Legacy, sem sendiráð Svíþjóðar hefur unnið samstarfi við félagið Íslensk grafík, var sett upp í Eldheimum í Vestmannaeyjum á dögunum. Það var Sendiráð Svíþjóðar á Íslandi sem hafði veg og vanda að sýningunni í samvinnu við Eldheima og Vestmannaeyjabæ.

Sýningin er sett upp til að minnst þess að í ár eru 250 ár liðin frá merkjum erlendum vísindaleiðangri til Íslands árið 1772. Með í þeirri för var einn af lærisveinum hins heimsþekktu sænska náttúruvísindamanns Carls von Linné, náttúrufræðingurinn Daniel Solander frá Svíþjóð. Þá skrasetti Solander og safnaði margs konar fróðleik um náttúru Íslands, menningu, siði og klæðaburð þjóðarinnar. Á sýningunni túlka tíu íslenskir listamenn frá félaginu Íslenskri grafík þessa atburði og þær breytingar sem hafa orðið á landi og þjóð síðan.

Samhliða þessu er einnig sýningin Paradise Lost – Daniel Solander's Legacy, sem ætluð er til að minnst ferða Solanders til Kyrrahafsins árið 1769. Eru þar sýnd verk tíu listamanna frá Kyrrahafssvæðinu en Solander var í áhöfn HMS Endeavour í fyrstu ferð Evrópumanna til Ástralíu. Mynda sýningarnar tvær þannig einstakt samtal Norðurskautans og Kyrrahafsins í ljósi ferða Solanders. Paradise Lost hefur áður verið sett upp á Nýja-Sjálandi, í Ástralíu og Svíþjóð og ferðast sýningarnar um landið á næstu árum.

Þátttakendur í Solander 250: Bréf frá Íslandi eru Anna Línadal, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Daði Guðbjörnsson, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Iréne Jensen, Laura Valentino, Soffía Sæmundsdóttir, Valgerður Björnsdóttir, Viktor Hannesson og Eyjakanon Gíslína Dögg Bjarkadóttir.

Mikill heiður fyrir mig

Gíslína er valin af félaginu Íslensk grafík sem Gíslína er hluti af ásamt um 70 öðrum íslenskum grafíklistamönnum. „Ég er mjög þakklát fyrir að hafa verið valin í þetta verkefni. Þetta er mikill



heiður og viðurkenning fyrir mig að fá að taka þátt í verkefni af þessari stærðargráðu“ sagði Gíslína þegar við slóum á þráðinn til hennar í síðustu viku. „Ég er svo að segja nýbyrjuð í grafík en hef alveg fallið fyrir þessu formi og verið mjög virk í félaginu síðan ég byrjaði að fara þessa leið árið 2017. Ég hef verið dugleg að sækja námskeið og viðburði hjá félaginu og hella mér út í þetta. Ég er líklega bara að uppskera eftir því.“

Þetta áhugaverða verkefni hófst í ágúst 2022 og mun standa í eitt og hálf ár. Að lokum flyst sýningin frá Íslandi til Norður – Svíþjóðar, til Pedeo heimabæjar Solander. Áður en að því kemur verður sýningin sett upp á 11 stöðum í kringum Ísland. Gíslína segist ekki vera búin að gera það upp við sig hvort hún heimsæki allar sýningarnar en segist ákveðin í því að fylgja verkinu sínu „Amtmannsfrú 1772“ til Svíþjóðar í það minnsta. „Ég ætla að reyna að mæta á þær opnanir sem ég kemst en það verður aðeins að ráðast af veðri og Herjólfri en stefnan er sett á Svíþjóð 2024, það er allavega ákveðið.“

Einstakt tækifæri

Gíslína segir þetta verkefni og

þátttaka í því hafa vakið athygli á sér og sínum verkum og komi vafalítið til með að gera það áfram en það er ekki það eina. „Þetta er alveg sérstök sýning og mikið í kringum þetta. Það er lærdómsríkt að kynna öðrum listamönnum og það hafa verið samkomur og viðburðir í kringum þetta sem hafa verið áhugaverðir. Það er svo margt sem tengist þessu og margir aðilar sem koma að þessu öllu. Fyrir utan það að þessi sýning fer víða og það er alveg klárt að verk eftir mig hefur aldrei fengið svona dreifingu í langan tíma. Þetta er svo miklu meira en að halda sýningu í Eyjum eða vera hluti af samsýningu í Reykjavík,“ segir Gíslína spennt fyrir framhaldinu.

Viðfangsefnið kært

Viðfangsefnið sem er ferð Solander og þau verk sem eftir leiðangurinn liggja stendur Gíslínu á margan hátt næri. „Þessi leiðangur er á svo margan hátt merkilegur ekki bara það efnis sem til ef tengt náttúruvísindum heldur einnig einstakar samtíma lýsingar á íslensku samfélagi sem unnar voru fyrir 250 árum. Það tengist beint þeirri vinnu sem ég hafði verið að vinna með þjóðbúninga fram að þessu og þá hluta þessara skjala kafaði ég djúpt niður í og ákvað að fara þá leið með verkið mitt.

Allir listamennirnir eru að vinna með þennan leiðangur og þess vegna hefur verið ótrúlega gaman að sjá líka í hvaða átt aðrir hafa farið ég vissi aldrei hvað hinir voru að gera og það hefur skapað mjög skemmtilega og fjölbreytta heild um þetta efni.“

„Í anda Solander“

Það voru ekki bara verk Gíslínu og félaga hennar sem voru til sýnis í Eldheimum því þar var einnig opnuð sýningin „Í anda Solander“, sem sýnir verk 6-12 ára nemenda af sumarnámskeiði Listasmiðju Náttúrunnar hjá Gíslínu Dögg og Jónu Heiðu. Í júlí stóðu þær fyrir náttúru-listasmiðjum fyrir ung börn sem ætlað er að hvetja til sköpunar í anda Solander. Börnin fengu kynningu á sænska náttúrufræðingnum og byggðu list sína á verkum hans. Smíðurnar fengu góðar móttökur og skiluðu af sér fallegum listaverkum eins og sjá mátti á sýningunni.

Skýjum ofar með útkomuna

Þær Gíslína og Jóna Heiða hafa staðið fyrir listasmiðjunni í nokkur ár þar sem náttúran hefur skipað stóran sess en tengingin við Solander var fyrst til í sumar. „Í upphafi var þetta ekki hluti af smíðjunni, ég hitti Pär Ahlberger sendiherra Svíþjóðar í byrjun árs og þá kom þessi hugmynd upp. Það hefur orðið til þess að við förum að kenna og fræðast meira um náttúruvísindin. Þegar umsókn er metin skal höfð hliðsjón af fjárhag umsækjanda auk eðlis og umfang máls. Við höfum verið að vinna með náttúruna sem hluta af þessu námskeiði í þrjú ár. Við gátum verið mikið úti og við notuðum því tækifærið og kynntum krakkanana fyrir Solander og tengdum við námskeiðið og fræðumst um leiðangurinn til Íslands. Við fórum líka dýpra í að kynna okkur þær plöntur sem við vorum að vinna með og fræðast meira um þær en við höfum gert síðustu ár.

Gíslína segist vera skýjum ofar með útkomuna. „Við vorum svakalega ánægð með útkomuna og Þær átti ekki til orð með hæfileika þessara krakka. Hann sagði að þessi sýning hafi staðið upp úr öðrum sem fram hafa farið, ég vona að allir hafi verið sáttir og börnin líka.“



Lovísa Ingibjörg Jarlsdóttir

11 að verða 12 ára

Hvað fannst þér skemmtilegast við námskeiðið?

Mér fannst mjög gaman að búa til pensla úr greinum, garni, blómum og laufum

Hvernig var að skapa list úti í náttúrunni?

Ekkert smá geggjáð

Lærðir þú mikið í náttúrufræð í þessu námskeiði?

Já ég myndi segja það

Hefur þú áhuga á því að halda áfram að skapa listaverk og þá hvernig?

Ja...há mér finnst gaman að skapa listaverk úr náttúrunni ég myndi örugglega mála lauf og stimpla á blað



Sara Rós Sindradóttir

9 ára

Hvað fannst þér skemmtilegast við námskeiðið?

Mér fannst skemmtilegast að vera mikið úti og vinna með náttúruna

Hvernig var að skapa list úti í náttúrunni?

Það var bara mjög gaman og fræðandi að læra um plönturnar og hvernig listaverk eru gerð

Lærðir þú mikið í náttúrufræð í þessu námskeiði?

Ekki mikið meira hvernig maður gerir listaverk

Hefur þú áhuga á því að halda áfram að skapa listaverk og þá hvernig?

Já, það er skemmtilegast að mála það er gaman að sjá hvernig myndin kemur út og maður getur gert hvað sem er.



Kolbrún Birna Þorsteinsdóttir

11 ára, bráðum 12

Hvað fannst þér skemmtilegast við námskeiðið?

Það var mikil tilbreyting og ég lærði fullt nýtt

Hvernig var að skapa list úti í náttúrunni?

Mér fannst það mjög gaman, en ekki von því

Lærðir þú mikið í náttúrufræð í þessu námskeiði?

Já, myndi segja það

Hefur þú áhuga á því að halda áfram að skapa listaverk og þá hvernig?

Já hef mikinn áhuga á því og þá bara allskonar list

Berum hlýjan hug til Vestmannaeyja

Það var augljóst á orðum sænska sendiherrans Þær Ahlberger við setningu sýningarinnar í Eldheimum að þar fer maður sem hefur mikla ástríðu fyrir þessu verkefni og öllu sem því fylgir. Við höfðum samband við hann og það lá beinast við að byrja á því að spyrja hvað knýr hann til að keyra áfram svona stórt verkefni eins og þetta? „Ég hef nokkra sterka drifkrafta. Fyrir það fyrsta má nefna hlýjar tilfinningar mínar til Íslands og íbúa þess. Ekki síst utan höfuðborgarsvæðisins. Það hefur því verið mér mikilvægt að ná til allrar þjóðarinnar. Ástríða mín fyrir víðtækum samræðum um sameiginlega sænsk-íslenska sögu okkar er mikil.

Við höfum þekkt í þúsund ár. Við erum á sameiginlegri ferð. Í óvissum heimi eru þessi einstöku vináttu- og fjölskyldubönd mjög mikilvæg. Mitt hlutverk er aðeins að skapa jarðveg til að styrkja þessi bönd. Ég hef líka mikinn áhuga á því að tengja saman áhuga fólks sem nær yfir allt frá list til vísinda, barna til aldraðra, suður til norðurs.“

Þær segir sýninguna sérstaka á margan hátt. „Verkefnið er í eigu okkar allra. Við veljum öll sjálf hvað sýningin á að innihalda. Það verður að koma okkur við og það verður að einkennast af samræðum en ekki einræði. Hlutverk mitt er aðeins sem



Þær Ahlberger ásamt Jónu Heiðu og Gíslínu Dögg.

boðberi og sögumaður. Vonandi hvet ég fólk til umhugsunar. Hver erum við og hvert erum við að fara?“

Hann segir sérstöðuna ekki síður vera hvaðan þessir listamenn koma og hvað tengir þá saman. „Þetta er í fyrsta skipti sem Norðurskautið/Norður og Kyrrahafssvæðið/Suður Kyrrahafið eiga svipaðar viðræður. Tíu listamenn frá Kyrrahafssvæðinu og tíu listamenn starfandi á Íslandi leggja sitt af mörkum til tveggja sýninga sem fara nú um allt Ísland í eitt og hálf ár. Það hófst á Nýja Sjalandi árið 2019. Við ætlum að fara með verkefnið til sænska norðurskautsins árið 2024.

Þær segist vera mjög ánægður með sýninguna í Vestmannaeyjum og þar hafi framlag barnanna vegið þungt. „Ég hef aldrei séð annað eins og er mjög hrifinn. Þessi sýning er fyrirmynd margra annarra sveitarfélaga.“ Þær segir Svía af hans kynslóð hafa sérstakar tengingar við Vestmannaeyjar. „Eldgosin 1963 og 1973 höfðu mikil áhrif á okkur og ég hlakka til að minnast þessara atburða árið 2023. Ég og fjölskylda mín berum sérstaklega hlýjar taugar til Vestmannaeyja og erum ánægð með að hafa eignast vini þar,“ sagði sendiherrann ánægður að lokum.